

Ísafjarðarbær - byggingarfulltrúi
Hafnarstræti 1
400 Ísafjörður



Reykjavík 9. maí 2019
UST201904-013/H.G.
08.07.02

Efni: Afstaða Umhverfisstofnunar á minnisblaði

Vísað er í bréf dags. 18. febrúar 2019 þar sem skipulags- og byggingarfulltrúi Ísafjarðarbæjar óskaði eftir afstöðu Umhverfisstofnunar til minnisblaðs Juris slf. um leyfisveitingar á friðlandinu á Hornströndum.

Aðdraganda málsins má rekja til þess að í mars árið 2004 gerðu Ísafjarðarbær, Umhverfisstofnun og Landeigendafélag Sléttu- og Grunnavíkurhrepps með sér samkomulag um vinnureglur við úthlutun byggingarleyfa í friðlandinu á Hornströndum. Í samkomulaginu var gert ráð fyrir að Ísafjarðarbær óskaði umsagnar Umhverfisstofnunar vegna umsókna um byggingarleyfi í friðlandinu.

Auglýsing nr. 332/1985, um friðland á Hornströndum, var sett með heimild í 24. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd sbr. nú 2. másl. 2. mgr. 40. gr. núgildandi laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Í auglýsingunni er tekið fram að í friðlandinu sé öll mannvirkjagerð, jarðrask og önnur breyting á landi allt að 60 fððmum (115 m) frá stórstraumsfjörumáli háð leyfi Umhverfisstofnunar. Vísað er til þessa ákvæðis í samkomulagi Umhverfisstofnunar og Ísafjarðarbæjar. Leiðir þetta til þess að í vissum tilvikum getur verið um 2 ákvarðanir að ræða vegna sömu framkvæmdar þ.e. ekki er unnt að hefja framkvæmdir fyrir en bæði liggja fyrir leyfi sveitarstjórnar og leyfi Umhverfisstofnunar.


Í álitgerð Juris slf. var komist að þeirri niðurstöðu að það væri ekki séð að nokkur heimild væri í lögum, stjórnvaldsfyrirmælum eða í samningi aðila um að umsókn um framkvæmdaleyfi skuli beina til Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun hefur ekki lagt til að leyfi stofnunarinnar komi í stað leyfis sveitarfélagsins. Um er að ræða tvenns konar leyfi á sitt hvorum lagagrunninum. Umhverfisstofnun gerir ráð fyrir að upphaflega hafi tilvitnað samkomulag verið gert til að liðka fyrir og einfalda leyfisveitingaferlið en stofnunin telur að orðalag samkomulagsins sé ekki nægilega skýrt hvað þetta varðar.

Í minnisblaði Juris er vísað til ákvæða skipulagslaga um framkvæmdaleyfi sveitarstjórnar og að Umhverfisstofnun sé tilgreind sem umsagnaraðili, ákvæða laga um náttúruvernd um hlutverk Umhverfisstofnunar og reglugerðar um náttúruvernd sem sett var í tíð eldri laga um náttúruvernd. Í lið 8 í álitu Juris virðist dregin sú ályktun að ákvæði reglugerðar nr. 205/1973 um náttúruvernd um almennt umsagnahlutverk Umhverfisstofnunar gangi framar auglýsingu


um friðland á Hornströndum, nr. 332/1985. Umhverfisstofnun bendir á að umrædd reglugerð og auglýsing eru hliðsettar heimildir. Auglýsing um friðlandið er nýrri regla og sértæk regla um friðlandið sett með fullnægjandi stoð í lögum um náttúruvernd þar sem skýrt kemur fram að framkvæmdir eru háðar leyfi stofnunarinnar. Umhverfisstofnun telur því skýrt að mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt að 60 fððmum (115 m) frá stórstraumsfjöruborði séu háðar leyfi Umhverfisstofnunar. Þá bendir Umhverfisstofnun á úrskurð úrskurðanefndar umhverfis- og auðlinamála í máli nr. 52/2013 <https://uua.is/urleits/52-2013-hesteyri/> þar sem byggt er á því í niðurstöðu að leyfi Umhverfisstofnunar sé nauðsynlegt í friðlandinu á Hornströndum. Umhverfisstofnun vill að lokum benda á að ef framkvæmd innan friðlandsins skortir framkvæmdaleyfi frá Umhverfisstofnun, þá er hún óheimil og getur leitt til stöðvunar á framkvæmd skv. 88. gr. náttúruvendarlaga og/eða lagningu stjórnvaldssekta skv. 90. gr. sömu laga.

Umhverfisstofnun bendir á að í tilvitnuðu samkomulagi Umhverfisstofnunar og Ísafjarðarbæjar er kveðið á um að Umhverfisstofnun taki ákvörðun um leyfi á undan Ísafjarðabæ og að ákvarðanir Ísafjarðarbæjar taki mið af ákvörðunum Umhverfisstofnunar. Umhverfisstofnun bendir á að ekki er kveðið á um þessa tilhögun ákvarðana í lögum. Einnig bendir stofnunin á að markmið leyfisveitingar á grundvelli skipulagslaga eða byggingarlaga hjá sveitarfélagi og leyfi Umhverfisstofnunar á grundvelli friðlýsingaskilmála hafa hvert sitt markmið þó skóran-geti e.t.v. verið nokkur. Samkomulagið er því nokkuð óvenjulegt og væri rétt að endurskoða það eða fella niður að mati stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Sigrún Agústsdóttir
sviðstjóri



Kristín Ósk Jónsdóttir
sérfræðingur